Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1599
komudagur 26.2.2008



Umhverfisráðuneytið

# Frumvarp til skipulagslaga

Sigríður Auður Arnardóttir

Febrúar 2008

26.2.2008 1

## Efnisyfirlit

- Aðilar sem komu að samningu frumvarps
- Vinna við gerð frumvarpa
- Helstu nýmæli og breytingar
- Samráð við gerð skipulags
- Stefnumörkun ríkisvaldsins - landsskipulagsáætlun
- Svæðisskipulag
- Aðalskipulag - rammaskipulag
- Skilvirkni og sveigjanleiki við gerð skipulags
- Þvingunarúrræði

26.2.2008 2

## Skipun nefndar og hlutverk

- Tvær nefndir skipaðar 2002 til að vinna að heildarendurskoðun skipulags- og byggingarlaga. Skyldi önnur nefndin fjalla um byggingarþátt laganna og hin um skipulagsþátt þeirra þannig að ákvæði laganna um skipulagsmál yrðu færð í sérstök lög, skipulagslög, og ákvæði um byggingarmál jafnframt í sérstök lög.
- Nefnd vegna skipulagsfrumvarps skipuðu fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Skipulagsstofnun, iðnaðarráðuneytinu auk fulltrúa umhverfisráðuneytisins

26.2.2008 3

## Vinna við gerð frumvarpa

- **Nefndin fékk á fund sinn ýmsa aðila sem starfa að framkvæmd skipulagsmála**
- **Frumvörpin fóru í víðtækt umsagnar- og kynningarferli í júní 2006.**
  - Kynnt á netinu með auglýsingu í dagblöðum og öllum gefið tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið
  - Sent til sérstakrar umsagnar ráðuneyta, sveitarfélaga, stofnana og ýmissa hagsmunaaðila, samtals 159 aðila. Öll sveitarfélög fengu frumvarpið sent til umsagnar
- **Frumvörpin voru lögð fram á Alþingi á vorþingi 2007**
  - Umhverfisnefnd Alþingis sendi frumvörpin út til umsagnar og vann ráðuneytið úr þeim umsögnum
  - Sérstakt samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga sl. haust

26.2.2008 4

## Helstu nýmæli og breytingar

- **Aukið samráð og kynning við gerð skipulagsáætlana gagnvart almenningi og opinberum aðilum**
- **Stefnumörkun ríkisvaldsins við skipulagsgerð - landsskipulagsáætlun**
- **Hlutverki samvinnunefndar miðhálendins lýkur**
- **Aukin skilvirkni og sveigjanleiki við skipulagsgerð**
  - Skilgreint mismunandi hlutverk skipulagsáætlana til að koma í veg fyrir skörun og tvíverknað við gerð þeirra
  - Svæðisskipulagsnefndir fastar nefndir
  - Óverulegar breytingar á aðal og deiliskipulagi skilgreindar
  - Staðfestingarhlutverki ráðherra breytt
  - Rammaskipulag

26.2.2008 5

## Helstu nýmæli og breytingar

- Skipulagsstofnun fær úrræði til að tryggja eftirfylgni á stöðvun framkvæmda
- Í skipulagslagsfrumvarpi verði tekið á pólitískri stefnumörkun en á faglegum og tæknilegum þáttum í mannvirkjafrumvarpi

26.2.2008 6

## Samráð við gerð skipulags

- **Aukin aðkoma almennings við gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er**
  - Vandaðri vinna við gerð skipulags og tryggir að hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri frá því að tillaga er í mótun
  - Vinna við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags skal hefjast með svokallaðri lýsingu á skipulagsverkefninu. Með því er lögð áhersla á að vinna við gerð skipulags sé unnin á gagnsæjan hátt allt frá upphafi vinnu
  - Í lýsingu er gerð grein fyrir forsendum skipulags, fyrirliggjandi stefnu og hvernig samráði og kynningu skipulagsáætlunarinnar verður háttað

26.2.2008 7

## Samráð við gerð skipulags

- **Aukin aðkoma almennings við gerð skipulags og að samráðsaðilar komi að skipulagsferlinu eins snemma og unnt er**
  - Leiðir til þess að víðtækar upplýsingar og sjónarmið komi fram frá upphafi. Dregur úr deilum síðar varðandi stefnumarkandi ákvarðanir
  - Skipulagsstofnun og stjórnvöld sem hafa sérþekkingu á einstökum þáttum skipulagsins skulu veita umsögn sína um lýsinguna. Sérþekking dregin strax fram
  - Lýsing kynnt fyrir almenningi

26.2.2008 8

## Landsskipulagsáætlun

- **Ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum í svokallaðri landsskipulagsáætlun sem lögð verði til grundvallar við skipulagsgerð sveitarfélaga**
- **Afhverju landsskipulagsáætlun? Skýr stefnumörkun ríkisins í málum sem varða almannahagsmuni og tæki til að samræma áætlanir opinberra aðila**
- **Efni landsskipulagsáætlunar:**
  - Stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum sem varða almannahagsmuni. Landsskipulagsáætlun er eftir þörfum ætlað að samræma stefnu stjórnvalda í öllum málaflokkum sem snerta skipulagsgerð sveitarfélaga og í henni er stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun útfærð
  - Til grundvallar landsskipulagsáætlun er markmið frumvarpsins, stefnan um sjálfbæra þróun og til hliðsjónar áætlanir opinberra aðila sem varða landnotkun

26.2.2008 9

## Landsskipulagsáætlun

- **Afmörkun landsskipulagsáætlunar**
  - Getur náð til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar
- **Eðli landskipulagsáæltunar:**
  - Ákvörðun um landnotkun og er hún þá bindandi fyrir sveitarfélög
  - Sett fram viðmið fyrir sveitarfélög til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög
- **Höfuðábyrgð á skipulagi landnotkunar verður áfram hjá sveitarfélögum**

26.2.2008 10

## Landsskipulagsáætlun

- **Dæmi um efni landsskipulagsáætlunar:**
  - Stefnumörkun um landnotkun á miðhálendi Íslands, samræmd stefna svo sem um nýtingu og vernd náttúruauðlinda
  - Leiðbeiningar fyrir stefnumörkun sveitarfélaga svo sem vegna búsetu í þéttbýli og dreifbýli og varðveislu menningarminja
- **Fyrsta landskipulagsáætlun er ætlað að taka til stefnumörkunar um landnotkun á miðhálendinu**

26.2.2008 11

## Landsskipulagsáætlun

- **Vinna við gerð landsskipulagsáætlunar:**
  - Unnin í víðtæku samráði við sveitarfélögin, hlutaðeigandi opinberar stofnanir og ráðuneyti
  - Umhverfisráðherra ákveður *áherslur* áætlunarinnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga
  - Skipulagsstofnun hefur umsjón með vinnunni, vinnur *drög að áætlun* í samráði við opinberar stofnanir og Samband íslenskra sveitarfélaga
  - Drög að landsskipulagsáætlun send til ráðherra sem hefur samráð við önnur ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga og einstök sveitarfélög eftir atvikum
  - Umhverfisráðherra kynnir opinberlega *tillögu að áætlun* og sendir hana jafnframt til umsagnar tiltekinna aðila m.a. sveitarfélaga
  - Umhverfisráðherra leggur fram á Alþingi *tillögu til þingsályktunar* til 12 ára. Endurskoðuð á 4 ára fresti

26.2.2008 12

## Landsskipulagsáætlun

- Lagt er til að samvinnunefnd miðhálendisins verði lögð niður. Við gildistöku frumvarpsins 1. janúar 2009 eiga öll sveitarfélög í landinu að hafa lokið við gerð aðalskipulags í sínu sveitarfélagi. Við gildistöku laganna verður því lokið því hlutverki samvinnunefndar miðhálendisins að samræma aðalskipulag sem liggur að hálendinu við svæðisskipulag miðhálendisins.
- Í landsskipulagsáætlun verða teknir yfir stefnumótandi þættir svæðisskipulags miðhálendisins og áframhaldandi vinna á því sviði

26.2.2008 13

## Svæðisskipulag

- Í svæðisskipulagi skal eingöngu fjalla um sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaga sem þörf er á að samræma en ekki almennt um staðbundnar ákvarðanir um landnotkun
- Svæðisskipulagið þarf ekki að taka til alls lands viðkomandi sveitarfélaga heldur til heilla landshluta eða stærri heilda. Ekki lengur þörf á sérstöku svæðisskipulagi eða óverulegum breytingum
- Skylt að starfrækja sérstakar svæðisskipulagsnefndir þar sem í gildi er svæðisskipulag, sem skulu sjá um gerð og framfylgd þess.
- Skylt að hafa svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.
  - ❑ Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins verði föst nefnd sem fer með breytingar og framfylgd þess skipulags.

26.2.2008 14

## Aðalskipulag - rammaskipulag

- Í aðalskipulag skal sett fram stefna um byggðamynstur t.d. hvort um sé að ræða nýbyggingarsvæði eða uppbyggingu í eldri byggð
- Heimilt að kveða á um þróun byggðar á nýjum eða eldri svæðum með rammaskipulagi
- Rammaskipulag er sá hluti aðalskipulags þar sem útfærð eru nánar samfelld svæði eða bæjarhlutar til að ákveða nánar um meginþætti þjónustukerfa og afmarka byggingarsvæði eða áfanga deiliskipuagsáætlana
- Segir fyrir um fyrirhugaða þróun byggðar

26.2.2008 15

## Skilvirkni og sveigjanleiki við gerð skipulags

- **Ferill skipulagsgerðar skilvirkari og skýrari greinarmunur á skipulagsáætlunum**
  - Lýsing skipulagsáætlunar
  - Skýr greinarmunur á svæðis- og aðalskipulagi
  - Skilgreint til hvers konar ákvarðana deiliskipulag skuli taka eins og varðandi útlit mannvirkja, form og svipmót
  - Fjallað um slíka þætti í skipulagi en ekki við veitingu byggingarleyfa enda stefnumótun um skipulag
  - Óverulegar breytingar á aðalskipulagi þarf ekki að auglýsa með þriggja vikna athugasemdafresti
  - Sett fram viðmið um það hvenær breyting á aðal- og deiliskipulagi telst óveruleg

26.2.2008 16

---

## Skilvirkni við gerð skipulags

- **Skipulagsstofnun staðfestir aðal- og svæðisskipulag í stað ráðherra – meginregla**
  - Einföldun stjórnsýslu sem eykur skilvirkni í afgreiðslu skipulagstillagna.
  - Efnis- og formskoðun tryggir samræmi við lagafyrirmæli svo sem landsskipulagsáætlun
- **Ráðherra staðfestir skipulagstillögur í ákveðnum tilvikum – undantekning**
  - Rökstudd tillaga Skipulagsstofnunar um synjun

26.2.2008 17

---

## Framkvæmdaleyfi – samþykki sveitarstjórnar

- **Reglur settar um útgáfu framkvæmdaleyfa og gildistími þeirra til samræmis við byggingarleyfi**
- **Grendarkynna skal framkvæmdaleyfi líkt og byggingarleyfi *ef* deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi**
- **Í þeim tilvikum þegar ekki þarf að afla byggingarleyfis fyrir mannvirki skal leita samþykkis sveitarstjórnar fyrir breytingum á mannvirki sem varða útlit, form og svipmót þess**

26.2.2008 18

## Þvingunarúrræði

- **Skipulagsfulltrúi skal stöðva framkvæmdir:**
  - Framkvæmd án framkvæmdaleyfis/samþykkis sveitarstjórnar
  - Framkvæmd með framkvæmdaleyfi sem brýtur í bága við skipulag
  - Framkvæmd í ósamræmi við framkvæmdaleyfi - úrbótaréttur
- **Skipulagsstofnun getur stöðvað framkvæmdir:**
  - Ef sveitarstjórn hefur ekki stöðvað framkvæmdir
  - Sveitarstjórn veittur frestur til að stöðva framkvæmdir
  - Stöðvun tímabundið þar til úrbætur hafa átt sér stað eða stöðva framkvæmd og fjarlægja hana
  - Tryggir samræmi í framfylgd framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda og úrræði ef framfylgd er ekki sinnt

26.2.2008 19

## Næstu skref

- **Næstu skref við undirbúning málsins:**
  - Frumvarp lagt fram á Alþingi
  - Umhverfisnefnd Alþingis sendir málið til umsagnar
  - Verði lögin samþykkt í vor:
    - 2008: undirbúningur að gerð nýrrar skipulagsreglugerðar
    - 1. janúar 2009 gildistaka laganna, verkefni Skipulagsstofnunar varðandi byggingarmál færast til Byggingastofnunar
    - 2010: Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsáætlun lögð fram á Alþingi

26.2.2008 20